

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 25. febrúar 2021

Mál nr. E-471/2018:

Fínka ehf

(Orri Sigurðsson lögmaður)

gegn

Skarðseyri ehf.

(Sigurgeir Valsson lögmaður)

d ó m u r :

Mál þetta, sem þingfest var 23. maí 2018 og dómtekið 15. febrúar sl., var höfðað með stefnu, birtri 11. maí 2018.

Stefnandi er Fínka ehf., kt. [...], Norðurási 6, 110 Reykjavík.

Stefndi er Skarðseyri ehf., kt. [...], Baugakór 30, 203 Kópavogi.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 26.712.245 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af kr. 3.742.072 frá 14.12.2015 til 30.01.2016, af kr. 6.922.424 frá 30.01.2016 til 15.02.2016, af kr. 10.615.962 frá 15.02.2016 til 15.03.2016, af kr. 13.138.296 frá 15.03.2016 til 22.09.2016, af kr. 18.760.711 frá 22.09.2016 til 04.11.2016, af kr. 22.660.833 frá 04.11.2016 til 19.11.2016, af kr. 24.991.760 frá 19.11.2016 til 30.04.2017 og af kr. 26.712.245 frá þeim degi til greiðsludags. Allt að frádregnum innborgunum, þann 28.12.2015 kr. 2.200.000, þann 15.01.2016 kr. 700.000, þann 29.01.2016 kr. 842.072, þann 04.02.2016 kr. 1.500.000, þann 19.02.2016 kr. 2.193.538, þann 01.03.2016 kr. 1.000.000, þann 31.03.2016 kr. 1.000.000, þann 08.04.2016 kr. 1.693.538, þann 27.04.2016 kr. 2.522.334, þann 13.09.2016 kr. 2.000.000, þann 03.10.2016 kr. 3.000.000, þann 10.10.2016 kr. 622.415, þann 30.11.2016 kr. 2.000.000 og þann 28.12.2016 kr. 1.000.000, sem dragast skulu frá skuldinni miðað við stöðu hennar á hverjum innborgunardegi. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krafðist þess í greinargerð sinni að málinu yrði vísað frá dómi. Gekk úrskurður um þá kröfu stefnda þann 29. október 2018 þar sem kröfu stefnda var hafnað.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Þá krefst hann málskostnaðar.

Aðalmeðferð málsins fór fram 15. febrúar sl. og var málið dómtekið að málflutningi loknum.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins og framburði aðila tók stefnandi að sér að mála íbúðir og sameign í fasteign við Heiðarbraut 40 á Akranesi sem stefndi var bæði að gera upp og byggja við á árunum 2015 til 2017. Hafði stefnandi áður unnið fyrir stefnda, m.a. við íbúðarhús forsvarsmanns stefnda.

Stefndi eignaðist fyrrgreinda fasteign með afsali dags. 30. júní 2009. Á árinu 2015 hófst stefndi handa við framkvæmdir fasteignarinnar sem m.a. fólust í því að stækka hana með viðbyggingu og breyta henni í átján íbúðir, sem stefndi ráðgerði að selja fullbúnar. Á haustmánuðum ársins 2015 óskaði stefndi eftir því við stefnanda að hann tæki að sér alla málningarvinnu innanhúss í fasteigninni, m.a. spörtlun, grunnun, málun o.fl. Ekki var gerður verksamningur um vinnu stefnanda og var verkið því unnið í tímavinnu, auk efniskostnaðar.

Stefnandi gaf út reikninga frá 29. nóvember 2015 til 15. apríl 2017 sem liggja fyrir í málinu þannig:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð
1949	29.11.2015	14.12.2015	3.742.072,00
1955	15.01.2016	30.01.2016	3.180.352,00
1958	31.01.2016	15.02.2016	3.639.538,00
1962	29.02.2016	15.03.2016	2.522.334,00
1990	07.09.2016	22.09.2016	5.622.415,00
1995	20.10.2016	04.11.2016	3.900.122,00
2007	04.11.2016	19.11.2016	2.330.927,00
2033	15.04.2017	30.04.2017	1.720.485,00

Stefndi greiddi inn á skuld sína við stefnanda þannig: Þann 28. desember 2015 2.200.000 krónur. Þann 15. janúar 2016 700.000 krónur. Þann 29. janúar 2016 842.072 krónur. Þann 4. febrúar 2016 1.500.000 krónur, þann 19. febrúar 2016 2.193.538 krónur, þann 1. mars 2016 1.000.000 króna, þann 31. mars 2016 1.000.000 króna, þann 4. apríl 2016 1.693.538 krónur, þann 27. apríl 2016 2.522.334 krónur, þann 13. september 2016 2.000.000 króna, þann 3. október 2016 3.000.000 króna, þann 10. október 2016 622.415

krónur, þann 30. nóvember 2016 2.000.000 króna, þann 28. desember 2016 500.000 krónur, þann sama dag 500.000 krónur eða samtals 22.273.897 krónur. Eru eftirstöðvar því 4.438.348 krónur. Stefndi greiddi ekki síðustu reikningana og sendi stefnandi stefnda innheimtuviðvörðun þann 15. desember 2017. Stefna var síðan þingfest í málinu þann 23. maí 2018. Undir rekstri málsins fékk stefndi dómkvaddan matsmann til að meta kostnað við að mála fyrrgreindar íbúðir og sameign. Lá matsgerðin fyrir þann 2. apríl 2014. Ekki náðust sættir í málinu.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir kröfu sína á því að stefndi hafi óskað eftir vinnuframlagi stefnanda og samið við hann um tímavinnu. Stefndi hafi ekki gert athugasemdir við tímagjald stefnanda né tímafjölda sem hafi farið í verkið. Stefndi hafi í dag selt allar íbúðir fasteignarinnar enda hafi stefndi ráðist í breytingar og viðbyggingu við húsið með það að markmiði. Allar íbúðirnar voru seldar fullbúnar af stefnda eða a.m.k. fullmálaðar. Óumdeilt sé því að stefndi, sem eigandi og framkvæmdaraðili fasteignarinnar á sínum tíma, hafi óskað eftir vinnu stefnanda og sé stefndi því réttur aðili þessa máls þrátt fyrir að vera ekki eigandi fasteignarinnar í dag.

Ofangreind skuld að fjárhæð 26.712.245 krónur sé því stefnufjárhæð þessa máls. Gjaldldagi reikninganna sé 15 dögum eftir útgáfu þeirra og miðist dráttarvextir við það tímamark. Inn á skuldina hafi verið greiddar innborganir, þann 28.12.2015 kr. 2.200.000, þann 15.01.2016 kr. 700.000, þann 29.01.2016 kr. 842.072, þann 04.02.2016 kr. 1.500.000, þann 19.02.2016 kr. 2.193.538, þann 01.03.2016 kr. 1.000.000, þann 31.03.2016 kr. 1.000.000, þann 08.04.2016 kr. 1.693.538, þann 27.04.2016 kr. 2.522.334, þann 13.09.2016 kr. 2.000.000, þann 03.10.2016 kr. 3.000.000, þann 10.10.2016 kr. 622.415, þann 30.11.2016 kr. 2.000.000 og þann 28.12.2016 kr. 1.000.000, sem dragist frá skuldinni miðað við stöðu hennar á hverjum innborgunardegi. Innborgun sé fyrst ráðstafað til greiðslu áfallins kostnaðar, þá til greiðslu vaxta og að lokum til lækkunar á höfuðstól. Eftirstöðvar skuldarinnar hafa ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir og sé því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefnandi vísar til meginreglu samninga- og kröfuréttarins um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti byggist á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, einkum 1. mgr. 6. gr. Krafan um málskostnað styðjist við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísar stefnandi til 32. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi kveðst hafa leitað til nokkurra málameistarara vegna framkvæmdanna en samið við stefnanda vegna tengsla við hann úr fyrri verkum stefnda. Ekki hafi verið gerður sérstakur verksamningur, en aðilar hafi komið sér saman um verð fyrir málningar- og sparslvinnu. Taldi forsvarsmáður stefnanda að verð fyrir sparsl- og málningarvinnu á íbúð færi ekki yfir eina milljón króna fyrir efni og vinnu með virðisaukaskatti. Til viðbótar kæmi kostnaður við spörslun og málun á sameign eldra hússins. Engin sameign sé í nýbyggingunni.

Með hliðsjón af samkomulagi aðila hafi heildarkostnaður verksins verið metinn 22.000.000 króna (1.000.000 fyrir hverja íbúð (x 18), að viðbættum u.þ.b. 4.000.000 króna fyrir sameignina). Uppgjöri verksins hafi verið hagað með þeim hætti að stefnda voru sendir reikningar mánaðarlega. Eftir að stefnandi hafi lokið vinnu við eldra húsið hafi stefnda borist reikningar fyrir samtals 13.138.296 krónur. Með greiðslu stefnda 27. apríl 2016 hafi uppgjöri allra útgefina reikninga verið lokið og í raun gott betur því að stefndi hafi greitt 513.186 krónur umfram inn á verkið. Um haustið 2016 hafi stefnandi hafið vinnu í nýbyggingunni aftur. Krafðist stefnandi fyrst greiðslu með reikningi, dags. 7. september 2016, að fjárhæð 5.622.415 krónur. Stefndi hafi haft samband við stefnanda vegna reikningsins til þess að fullvissa sig um að kostnaður yrði í samræmi við samkomulag aðila. Hafi svo farið að stefnandi hafi fullvissað stefnda um að heildarkostnaður við hverja íbúð í nýja húsinu (8 íbúðir) færi ekki yfir 1.000.000 króna. Þann 10. október 2016 hafi stefndi lokið við að greiða útgefinn reikning, dags. 7. september 2016, með greiðslu að fjárhæð 622.415 krónur. Hafi stefndi á þeim tíma ekki verið í skuld við stefnanda. Í raun hafi stefndi gert gott betur því að samkvæmt yfirliti hafi stefndi átt inneign hjá stefnanda að fjárhæð 513.186 krónur. Á þessum tíma hafi stefndi greitt samtals 19.273.897 krónur og þar af 6.135.601 krónu vegna nýbyggingarinnar.

Aftur hafi stefndi haft samband við stefnanda um kostnað verksins þar sem reikningar hafi borist áfram og ljóst að kostnaður yrði meiri en þær 8.000.000 króna sem um hafi verið samið fyrir nýbygginguna. Hafi aðilar rætt um framgang verksins og kvaðst stefndi ekki greiða meira en 22-23.000.000 króna fyrir verkið í heild. Ef ekki næðist sátt um kostnað vildi stefndi fá óháðan aðila til þess að mæla verkið upp og leggja mat á kostnað þess. Stefnandi hafi ekki gert athugasemdir við stefnda og því hafi ekki verið

krafist mats óháðs aðila. Taldi stefndi að málinu væri þar með lokið enda hafði hann greitt 22.273.897 krónur í lok árs 2016 fyrir þjónustu stefnanda og verkinu þá lokið.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að samningur aðila hafi verið efndur. Stefnandi hafi gefið út fjóra reikninga vegna vinnu við eldra húsið. Útgefnir reikningar vegna þessa hafi allir verið greiddir og því beri að sýkna stefnanda. Í raun komi fram á yfirliti yfir greiðslur að á þessum tíma hafi stefndi greitt stefnanda 513.186 krónur umfram krafða reikninga. Stefnandi byggir einnig á því að með áritun um greiðslu á útgefna reikninga sé komin lögfull sönnun þess að stefnandi eigi ekki kröfu á hendur stefnda enda sé um fullnaðarkvittun að ræða.

Eftir að stefnandi hafi hafið vinnu við nýbygginguna haustið 2016 hafi reikningar byrjað að berast vegna verksins. Hafi fyrsti reikningurinn verið dagsettur 7. september 2016 að fjárhæð 5.622.415 krónur. Þar sem kostnaður vegna nýbyggingarinnar hafi þá þegar verið orðinn nærri hinu umsamda verði, 8.000.000 króna, hafi stefndi haft samband við stefnanda í þeim tilgangi að fá staðfestingu á að kostnaður yrði ekki hærri en samið var um. Eftir staðfestingu stefnanda greiddi stefndi því reikninginn að fullu 10. október 2016. Með reikningi dagsettum 4. október 2016 hafi stefnandi krafist greiðslu að fjárhæð 3.900.122 krónur. Stefnandi hafi þegar greitt reikninginn með þremur greiðslum í nóvember og desember 2016, auk þess sem stefndi átti inni ofgreidda fjárhæð.

Eftir framangreinda greiðslu hafi stefndi greitt 22.273.897 krónur og hafi verið í góðri trú um að uppgjöri væri lokið þar sem enginn áskilnaður hafi verið hafður uppi af hálfu stefnanda um frekari kröfur, auk þess sem verkinu hafi verið lokið. Vegna þessa byggir stefndi á því að hann sé ekki í skuld við stefnanda og því beri að sýkna hann.

Verði ekki fallist á að stefndi hafi efnt skuldbindingu sína skv. samkomulaginu byggir stefndi á því að heildarfjárhæð krafna stefnanda fyrir verkið sé ekki í samræmi við það sem um hafi verið samið né í samræmi við það sem búast hafi mátt við þegar aðilar sömdu um sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir verkið. Samkvæmt meginreglum kröfuréttar gildi sú almenna regla að sé ekki samið um tiltekið verð fyrir verk eða þjónustu skuli greiða endurgjald sem telja meggi sanngjarnt með hliðsjón af umfangi vinnu og eðli hennar, sbr. einnig 45. gr. laga nr. 50/2000 og 28. gr. laga nr. 42/2000.

Stefndi telur að sá tímafjöldi sem liggja að baki meintri vinnu stefnanda sé ekki í samræmi við raunverulega vinnu hans við verkið. Þannig séu vinnustundir stefnanda samkvæmt reikningum við eldra húsið samtals 1.751 vinnustund. Eftir að stefndi hafi greitt stefnanda samtals 22.273.897 krónur hafi stefnda borist upplýsingar um

tímaskráningu byggingarstjóra verksins. Samkvæmt skráðum tímum byggingarstjóra í verkþókhaldi hafi skráðar vinnustundir stefnanda vegna sömu reikninga verið 1.393. Muni því í heild 378 vinnustundum á unnum tímum skv. skráningu byggingarstjóra og á þeim tímum sem komi fram á reikningum stefnanda. Byggir stefndi á því að hann hafi verið með saknæmum og ólögumætum hætti blektur til þess að greiða útgefna reikninga án þess að nokkur vinna hafi legið þar að baki. Telur stefndi því að hann hafi ofgreitt fyrir verkið og eigi í raun gagnkröfu á hendur stefnanda og eða rétt til afsláttar. Byggist gagnkrafan á mismuni þeirra tíma sem innheimt hafi verið fyrir samkvæmt reikningum og hins vegar raunverulegri tímaskráningu byggingarstjórans. Telur stefndi að krafa hans nemi a.m.k. 2.175.208 krónum og komi því til skuldajöfnunar á móti meintri kröfu stefnanda. Nemi því hámarkskrafa stefnanda á hendur stefnda 2.263.140 krónum eftir skuldajöfnun.

Í raun telji stefndi að krafa hans á hendur stefnanda sé enn hærri þar sem stefndi hafi rökstuddan grun um að stefnandi hafi einnig skráð fleiri tíma á reikninga vegna nýbyggingarinnar. Stefnda hafi hins vegar verið hindraður aðgangur að tímaskráningu byggingarstjórans vegna vinnu stefnanda í nýbyggingunni. Stefndi telji að tímaskráning byggingarstjóra á skráðum tímum stefnanda séu gögn sem stefnandi hafi undir höndum og sé því skorað á hann að leggja fram tímaskráningu byggingarstjóra fyrir tímabilið ágúst 2016 - apríl 2017, sbr. 2. mgr. 67. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Í stefnu er fullyrt að ekki hafi verið gerður verksamningur vegna þess verks sem um sé deilt og því hafi verkið verið unnið í tímavinnu. Í dómkröfu sé krafist dráttarvaxta 15 dögum eftir útgáfu reikninga eins og samið hafi verið um hvað varðar gjalddaga. Stefndi hafnar því að samið hafi verið um ákveðna gjalddaga. Hafi aðilar samið um að greiðslur skyldu berast eins og verkinu miðaði fram. Þar sem ekki hafi verið samið um gjalddaga gildi almennar reglur um ákvörðun gjalddaga, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Hafi gjalddagi því í fyrsta lagi getað verið mánuði eftir að stefndi krafðist greiðslu með sannanlegum hætti.

Þá verði stefndi ekki krafinn um dráttarvexti vegna reikninga sem séu greiddir og stefndi hafi gefið fullnaðarkvittun fyrir.

Til þrautavara krefst stefndi þess að krafa stefnanda verði lækkuð verulega og að málskostnaður verði felldur niður. Stefndi byggir lækkunarkröfu sína á sömu rökum og fram koma í kafla 1.1 og 1.2 í varakröfu.

Til stuðnings kröfu sinni vísar stefndi til meginreglna samningaréttar, m.a. um að samninga beri að halda. Stefndi byggir jafnframt á meginreglum kröfuréttar um eðlilegt og sanngjarnt endurgjald fyrir vinnu eða þjónustu, sbr. 45. gr. laga nr. 50/2000 og 28. gr. laga nr. 42/2000.

Gagnkrafta til skuldajöfnunar byggist á meginreglum skaðabótaréttar og 1. mgr. 28. gr. nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um málskostnað er byggt á 129. gr. og 130. gr. laganna.

Áskorun um framlagningu skjals byggist á 2. mgr. 67. gr. um meðferð einkamála. Um dráttarvaxtakröfu er byggt á 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Skýrslur fyrir dómi.

Við upphaf aðalmeðferðar gáfu fyrirvarsmenn aðila skýrslu og vitnin Hjalti Sigmundsson og Þormóður Þormóðsson. Verður vitnað til framburðar þeirra eftir því sem þörf þykir við úrlausn málsins.

Forsendur og niðurstaða.

Heiðarbraut 40 á Akranesi er fjölbýlishús með átján íbúðum. Húsið er annars vegar eldri bygging, byggð 1965, sem breytt var í tíu íbúðir og hins vegar nýbygging með átta íbúðum. Í kjallara eru geymslur og sameiginleg bílageymsla. Stefndi hafði með höndum byggingu og frágang á þessum íbúðum. Ágreiningslaust er að stefndi leitaði til stefnanda og falaðist eftir því að hann tæki að sér að mála íbúðir og sameign hússins. Er ennfremur ágreiningslaust að aðilar gerðu ekki með sér skriflegan samning um verkið og að stefndi greiddi inn á reikninga útgefna af stefnanda án athugasemda um tímafjölda, tímagjald eða efniskaup á tímabilinu 29. nóvember 2015 til og með 28. desember 2016.

Ágreiningur í máli þessu snýst aðallega um hvort tímaskráning stefnanda sé sanngjörn og eðlileg með hliðsjón af umfangi verksins og í því sambandi hvort málaðar hafi verið tvær umferðir eða þrjár. Stefnandi heldur því fram að málaðar hafi verið þrjár umferðir enda fyrirmælin frá stefnda verið þau að sérstaklega skyldi vanda til verka. Stefndi heldur því aftur á móti fram að eingöngu hafi verið málaðar tvær umferðir og ekki um annað samið. Fyrir dóminum kom fram hjá vitninu Hjalta Sigmundssyni að því hafi ekki verið mótmælt á matsfundi að matsmaður gengi út frá því í matsstörfum sínum að málaðar hafi verið þrjár umferðir. Þá staðfesti vitnið Þormóður Þormóðsson byggingastjóri fyrir dóminum að málaðar hafi verið þrjár umferðir. Að mati dómsins er því rétt að leggja til grundvallar að málaðar hafi verið þrjár umferðir.

Stefnandi gaf út reikninga til stefnda eftir framvindu verksins. Greiddi stefndi ýmist inn á reikningana eða greiddi þá að fullu. Á hverjum reikningi er tímafjöldi og tímagjald áritað svo og efniskostnaður og virðisaukaskattur. Þá fylgdi vinnuseðill með hverjum reikningi þar sem fram koma nöfn á þeim aðilum sem unnu við verkið hverju sinni. Stefndi greiddi inn á alla reikninga fram til desemberloka 2016 án athugasemda. Samkvæmt hreyfingarlista stefnanda var skuld stefnda við stefnanda þegar stefndi greiddi síðast inn á skuldina 2.717.863 krónur. Ekkert í málinu bendir til þess að stefndi hafi gert þá skuld upp við stefnanda. Stefnandi gerði síðasta reikninginn á hendur stefnda þann 15. apríl 2017 vegna vinnu fram í desember 2016. Aðspurður fyrir dóminum kvaðst fyrirsvarsmaður stefnda aldrei hafa fengið þann reikning en hann mundi ekki hvenær stefnandi hefði síðast verið að vinna í húsinu.

Í máli þessu liggur fyrir matsgerð dómkvadds matsmanns, Hjalta Sigmundssonar, en stefndi óskaði eftir dómkvaðningu matsmanns undir rekstri málsins. Hefur því mati ekki verið hnekkkt með yfirmati.

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu auk annars á því að reikningar séu áritaðir um fullnaðargreiðslu og því eigi stefnandi ekki kröfu á hann hvað þá reikninga varði.

Fyrir dóminum upplýsti stefnandi að í framlögðum gögnum málsins væri ljósrít af afriti þeirra reikninga sem hann gerði stefnda fyrir vinnu sína. Frumritin séu hjá stefnda. Stefnandi hafi sjálfur skrifað á sín afrit þegar höfuðstóll reiknings hafði verið að fullu greiddur til að hafa inni í sínu bókhaldi. Það hafi ekkert gildi gagnvart stefnda enda hafi vextir þá ekki verið færðir inn á reikningana. Stefndi hafi aldrei gert athugasemdir við tímagjald, sem hafi verið 4.900 krónur fyrir virðisaukaskatt, þar til í september 2016 en þá hafi tímagjaldið hækkað í 5.250 krónur vegna breytinga í kjölfar kjarasamninga. Fyrir dóminum kvað stefndi það rétt vera og hann hafi ætíð viðurkennt að tímagjald verktaka gæti hækkað í kjölfar hækkunar launa við kjarasamninga. Þá er ekkert fram komið í málinu sem bendir til þess að stefndi hafi nokkurn tímann gert athugasemdir við fjölda tíma sem hann var krafinn um greiðslu fyrir fyrr en við málshöfðun þessa.

Stefndi krefst lækkunar á kröfum stefnanda og skuldajöfnunar á grundvelli þess að stefnandi hafi innheimt fyrir allt of mikinn tímafjölda. Byggir hann á dagbók byggingarstjóra en þar séu skráðir upplýsingar m.a. undir liðnum málara og tímafjöldi miklu færri tímar á málara en stefnandi krefur stefnda um greiðslu fyrir. Áðurnefnt vitni, Þormóður Þormóðsson, byggingarstjóri framkvæmdanna, kom fyrir dóminn og kvað dagbók byggingarstjóra vera gerða í þeim tilgangi að halda saman byggingarsöggunni en

ekki til að halda utan um unna tíma hjá hverjum iðnaðarmanni fyrir sig. Kvaðst vitnið ekki geta fullyrt neitt um það hvort málarar hafi verið við vinnu þá daga eða vikur sem hann kom á verkstað. Í dagbók byggingarstjóra má m.a. sjá að dagbókarfærsla á sér stað 9. og 10. september 2015 og næst 3. nóvember 2015. Kvað vitnið útilokað að nota dagbókina sem sönnun þess að iðnaðarmenn hafi ekki verið við störf á þeim tíma sem engin dagbók sé færð. Gegn mótmælum stefnanda og með vísan til þessa verður þessari málsástæðu stefnda hafnað.

Þá er þeirri málsástæðu stefnda um að reikningarnir séu að fullu greiddir hafnað og er tekið undir það með stefnanda að þó svo að stefnandi hafi skráð á afrit reikninga í bókhaldi sínu að viðkomandi reikningar væru fullgreiddir, hafi það ekkert gildi gagnvart stefnda. Stefndi hafi ekki fengið neinar slíkar tilkynningar. Reikningsyfirlit sem liggur frammi í málinu sýnir hins vegar að stefndi hafi greitt inn á útgefna reikninga í slumpum og ætíð nokkru eftir að reikningar voru útgefdir.

Þá hefur stefndi ekki sýnt fram á að aðilar hafi samið sérstaklega um að kostnaður við málunina yrði ekki meiri en ein milljón króna á íbúð og fjórar milljónir á sameign. Hafnar stefnandi þessum málatilbúnaði stefnda. Þvert á móti staðfestu fyrirvarsmenn bæði stefnanda og stefnda við skýrslutöku af þeim fyrir dómi að aðilar hefðu samið um að unnið yrði í tímavinnu og á tímagjaldi.

Stefndi byggir á því að tímafærsla stefnanda sé úr hófi og því hvorki sanngjörn né eðlileg. Samkvæmt reikningum stefnanda hafi stefnandi og hans starfsmenn unnið samtals 3.558 klukkustundir við verkið og sé dómkrafa stefnanda byggð á því. Stefndi byggir á því að samkvæmt matsgerð Hjalta Sigmundssonar, sem hafi ekki verið hnekkt, sé sanngjarnt endurgjald vegna efnis og vinnu faglærðra málara við að mála húsið að Heiðarbraut 40 á Akranesi 23.656.691 króna og sanngjarn og eðlilegur fjöldi vinnustunda við verkið á bilinu 2.103 til 2.912 klukkustundir með vikmörkunum þannig að sanngjarn og eðlilegur fjöldi vinnustunda geti verið 10% færri eða 20% fleiri tímar. Telur stefndi rétt að miða við miðgildi útreikninga matsmannsins og reikna vikmörk frá því. Því mótmælir stefnandi og telur matsgerðina skýra um að vikmörk skuli reiknuð frá þeim vinnustundafjölda sem tilgreindur er í niðurstöðu matsmanns. Þannig geti sanngjarn og eðlilegur fjöldi vinnustunda við verkið numið allt frá 10% færri vinnustundum en 2.103 til 20% fleiri vinnustundum en 2.912. Við skýrslutöku fyrir dómi staðfesti matsmaður aðspurður að sá skilningur stefnanda að sanngjarn og eðlilegur fjöldi vinnustunda við

verkið geti samkvæmt hans niðurstöðu numið 20% fleiri vinnustundum en 2.912 væri réttur.

Ef tekið er hærra gildi matsgerðarinnar að viðbætti 20% hækkun er niðurstaðan 3.494 klukkustundir. Umkrafðar vinnustundir stefnanda eru 3.558. Er mismunurinn því 1,8%. Að mati dómsins getur því umkrafinn fjöldi vinnustunda hvorki talist ósanngjarn né óeðlilegur, sbr. 45. gr. laga nr. 50/2000 og 28. gr. laga nr. 42/2000. Er þeirri málsástæðu stefnda því hafnað.

Stefndi byggir á því að hann hafi aldrei fengið síðasta reikninginn sendan en hann hafi verið gefinn út 15. apríl 2017 vegna vinnu í lok árs 2016. Þá hafi hann ekki fengið innheimtuviaðvörðun senda. Hann hafi fyrst séð þessi gögn við þingfestingu málsins. Því beri honum ekki að greiða vexti af þeim reikningi frá fyrra tímamarki þingfestingu málsins. Þessu mótmælir stefnandi og kveður reikninginn hafa verið sendan til stefnda við útgáfu hans eins og aðra útgefna reikninga. Fyrir því ber stefnandi sönnunarbyrði sem hann hefur ekki axlað.

Að öllu þessu virtu verður krafa stefnanda tekin til greina utan að stefnda verður gert að greiða dráttarvexti eins og segir í dómsorði.

Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða honum dráttarvexti eins og greinir í dómkröfum fimmtán dögum eftir útgáfudag reiknings. Þessu mótmælir stefndi. Ekki er kveðið á um það á reikningum stefnanda hvenær eindagi reikninganna er eða gjalddagi. Verður því að miða upphafsdag dráttarvaxta við mánuð eftir útgáfudag reikninga, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu utan að reikningur sem gefinn var út þann 15. apríl 2017 skal bera dráttarvexti frá þingfestingu málsins.

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 2.500.000 krónur í málskostnað. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kveða upp Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari, Hulda Árnadóttir héraðsdómari og Ásmundur Ingvarsson byggingarverkfræðingur.

DÓMSORÐ

Stefndi, Skarðseyri ehf., greiði stefnanda, Fínku ehf., 26.712.245 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af 3.742.072 krónum frá 29. desember 2015 til 25. febrúar 2016, en af 6.922.424 krónum frá þeim degi til 28. febrúar 2016, en af 10.615.962 krónum frá þeim degi til 29. mars

2016, en af 13.138.296 krónum frá þeim degi til 7. október 2016, en af 18.760.711 krónum frá þeim degi til 20. nóvember 2016, en af 22.660.833 krónum frá þeim degi til 4. desember 2016, en af 24.991.760 krónum frá þeim degi til 23. maí 2018 og af 26.712.245 krónum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum, þann 28. desember 2015 að fjárhæð 2.200.000 krónur, þann 15. janúar 2016 700.000 krónur, þann 29. janúar 2016 842.072 krónur, þann 4. febrúar 2016 1.500.000 krónur, þann 19. febrúar 2016 2.193.538 krónur, þann 1. mars 2016 1.000.000 króna, þann 31. mars 2016 1.000.000 króna, þann 08. apríl 2016 1.693.538 krónur, þann 27. apríl 2016 2.522.334 krónur, þann 13. september 2016 2.000.000 króna, þann 3. október 2016 3.000.000 króna, þann 10. október 2016 622.415 krónur, þann 30. nóvember 2016 2.000.000 króna og þann 28. desember 2016 1.000.000 króna.

Stefndi greiði stefnanda 2.500.000 krónur í málskostnað.